

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3311

Rekstraraðili Norðurál Grundartangi ehf. kt: 5702972609	Tegund starfsemi Ál, kísil- og kísiljárnver	Gildistími starfsleyfis 16. desember 2031
Starfsstöð Grundartangi	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 6. maí 2026
Starfstöðvarnúmer: 0075	Eftirlitsmaður Kjartan Guðmundsson Freyr Ævarsson	Útgáfudagur skýrslu 1. júní 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson	Framkvæmdastjóri öryggis-, umhverfis- og umbótasviðs
Matthildur Víðisdóttir	Sérfræðingur í umhverfismálum

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram þrjú ný frávik er varða: 1.Svifagnir og olía í frárennsli mældist yfir mörkum starfsleyfis, 2. Sérfræðiskýrslu um mælingar í lofti og úrkomu var ekki skilað á tilskildum tíma, 3. Niðurstöður vöktunarmælinga á flúor og þungmálmum í sjó hafa ekki borist. Öllum frávikum hefur verið lokað.

Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit í Norðurál á Grundartanga og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Stutt kynning á starfseminni
2. Niðurstöður umhverfissvöktunar 2025
3. Innri mælingar
4. Flæðigryfjur
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

Fulltrúi rekstraraðili kynnti starfsemi álversins. Einnig viðstödd fyrir hönd Umhverfis- og orkustofnunar var Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir úr teymi loftgæða og losunarheimilda.

Kerlína 2 var tekin úr rekstri þann 21. október 2025 í kjölfar alvarlegrar bilunar í rafbúnaði. Framleiðsla fór úr tæpum 20.000 tonnum í október í rúm 8.500 tonn í nóvember. Ræsing kerlínu í kjölfar viðgerðar hófst í lok apríl 2026 og er ráðgert að ræsingin standi yfir í um þrjá mánuði.

Farið var yfir niðurstöður umhverfissvöktunar 2025 og gæði gagna almennt rædd. Þegar eftirlitið fór fram hafði sérfræðiskýrsla vegna mælinga í lofti og úrkomu ekki borist Umhverfis- og orkustofnun.

Farið var yfir innri mælingar rekstraraðila. Rekstraraðili kynnti vöktunar- og viðvörunarkerfi í kerskála og vinnslu gagna í því kerfi. Frávik voru í fráveitu á fjórða ársfjórðungi 2025.

Á fjórða ársfjórðungi 2025 mældust svifagnir í fráveitu 111 mg/l á sýnatökustað sem nefndur er OU2 og 70 mg/l á sýnatökustað OU3 (mörk: 50 mg/l). Olía og fita mældist 38 mg/l á OU3 og 19 mg/l á OU4 (mörk: <15 mg/l). Fyrirkomulag vegna sýnatöku var rætt og hvort núverandi fyrirkomulag henti fyrir nýtt starfsleyfi.

Öll sjósýni sem ætluð voru til flúormælinga við flæðigryfjur misfórast í meðhöndlun og vantar þau gögn því alfarið. Jafnframt var mæligögnum fyrir þungmálma sleppt úr skýrslunni fyrir sex af tíu sýnum frá 28. júlí vegna of mikillar óvissu í mælingum hjá rannsóknarstofu.

Notkun flæðigryfja var rædd og einnig viðstödd þá umræðu voru Steinunn Dögg Steinsen frá Century Aluminum og Rakel Sæmundsdóttir frá Umhverfis- og orkustofnun.

Farið var í skoðunarferð um kerskála, steypuskála og rannsóknastofu. Ræsing kerlínu 2 var kynnt sérstaklega og frárennsli við bílastæði var skoðað.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.19 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 6. maí 2026 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum <i>Á fjórða ársfjórðungi 2025 mældust svifagnir og olía yfir leyfilegum mörkum í frárennsli.</i>	Lokað
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 6. maí 2026 Mælingar á mengunarefnum ekki framkvæmdar eða ekki fullnægjandi <i>Rekstraraðili skal standa fyrir eða taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni álversins. Vegna mistaka við meðhöndlun sýna inniheldur skýrsla vegna ársins 2025 engar niðurstöður um styrk flúors í sjó og einnig vantar gögn um þungmálmamælingar.</i>	Lokað
gr. 4.10 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 6. maí 2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Skýrslu vegna mælinga í lofti og úrkomu var skilað þann 8. maí 2026.</i>	Lokað

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.